

Mánudaginn 13. nóvember 1989.

Nr. 311/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Bjarna Leifi Péturssyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ákæra. Frávísun að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1989 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu og lengingar á ökuleyfissviptingu. Meðákærði í héraði hlítir héraðsdómi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á sakfellingu ákærða „fyrir brot gegn 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, og jafnframt sakfellingar fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. sömu laga fyrir akstur bifreiðar, eins og í ákæru greinir, án ökuskírteinis og ökuréttinda og þá þyngingar á refsingu. Komi til þess, að ákærði verði sýknaður af broti gegn 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga, er fyrrgreind krafa um sakfellingu fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga uppi höfð ein sér sem varakrafa og þá til viðeigandi refsíákvörðunar. Í báðum tilvikum er krafist staðfestingar á ákvæðum hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar og að ákærði verði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þ.m.t. saksóknarlauna til ríkissjóðs.“

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra eru bréf frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík og bæjarfógetans á Akureyri og Dalvík og sýslumanns Eyjafjarðarsýslu, og kemur fram í þeim, að ákærði hafi aldrei fengið út gefið ökuskírteini í þessum umdæmum. Þá hefur verið lagt fram ljósrit dómsáttar, er ákærði gekkst undir í sakadómi Reykjavíkur 22. desember 1976 vegna ölvunar við akstur. Var hann samkvæmt dómsáttinni sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í sex mánuði frá þeim degi að telja. Í sakavottorði því, sem lagt var fram í héraði með ákæru og öðrum

gögnum málsins, sagði hins vegar, að með ofangreindri dómsátt hefði ákærði verið sviptur ökuleyfi. Þá liggur fyrir endurrit dóms sakadóms Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu 18. febrúar 1987, en með honum var ákærði „sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá birtingu dóms“. Að lokum hafa verið lögð fram endurrit tveggja refsidóma, sem kveðnir voru upp yfir ákærða eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms, þ.e. 26. júlí og 19. september 1989, fyrir brot á almennum hegningarlögum, og endurrit dómsáttar 16. júní 1989 vegna brots á lögum um ávana- og fíkniefni.

Ákærði viðurkenndi skýlaust við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 22. janúar 1989, að hann hefði undanfaraandi nótt ekið bifreiðinni R 21687 leið þá, sem tilgreind er í ákæru. Hefði hann áður verið við drykkju í Brautarholti 22, m.a. með meðákærða, og hefði hann fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Skýrslu þessa undirritaði ákærði í viðurvist lögreglumanns þess, sem tók skýrsluna, og annars lögreglumanns, sem var viðstaddur yfirheyrsluna og undirritaði skýrsluna sem vottur. Framburður ákærða er í samræmi við framburð meðákærða bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Með hliðsjón af þessu og framburði lögreglumannanna fyrir dómi verður að telja, að afturköllun ákærða síðar fyrir dómi á framburði sínum um áfengisáhrif sé ekki marktæk, og þykir bera að staðfesta sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsíákvæðis, að því er varðar ákæru fyrir akstur undir áfengisáhrifum.

Ríkissaksóknari krefst þess, svo sem fyrr er rakið, að ákærði verði sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, en héraðsdómari sýknaði hann að þessu leyti. Við málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að ákæruvaldið reisir kröfu sína nú á því, að ákærði hafi aldrei hlotið ökuréttindi, sbr. framangreind bréf um það efni.

Þegar ákærði kom fyrir dóm 19. apríl 1989, taldi hann sig ekki hafa verið ökuréttindalausán við fyrrgreindan akstur. Verjandi ákærða mótmælir því, að sannað sé í málinu, að ákærði hafi aldrei öðlast ökuréttindi.

Svo sem fyrr er rakið, voru gögn þau, sem lágu fyrir við útgáfu ákæru og meðferð málsins fyrir héraðsdómi, villandi, að því er varðar ökuréttindi ákærða. Engin rannsókn fór fram fyrir útgáfu ákæru um þetta atriði, og þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir,

þykja ekki óyggjandi. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að ómerkja úrlausn hins áfrýjaða dóms um ákæru fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga og vísa ákærunni að því leyti frá héraðsdómi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi 40.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Þar sem ríkissaksóknari hefur fallið frá kröfu um sviptingu ökuréttinda, fellur ákvæði héraðsdóms þar að lútandi niður og kemur hér ekki til úrlausnar.

Rétt þykir að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Eftir atvikum þykir hins vegar rétt að dæma ákærða til greiðslu helmings áfrýjunarkostnaðar á móti ríkissjóði, svo sem nánar er greint í dómsorði.

Aðfinnsluverð eru þau vinnubrögð ákæruvalds að kynna ný gögn í málinu og breytingar á kröfugerð fyrst við munnlegan málflutning í Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Úrlausn héraðsdómara um ákæru á hendur ákærða, Bjarna Leifi Péturssyni, fyrir brot á 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, er ómerkt og ákærunni að því leyti vísað frá héraðsdómi.

Ákærði greiði 40.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfis sviptingu ákærða fellur niður.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði 15.000,00 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast alls 30.000,00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað málsins greiði ákærði að hálfu. Að öðru leyti skal greiða áfrýjunarkostnað úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. júní 1989.

Ár 1989, föstudag 23. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 295-296/1989: Ákærvaldið gegn X og Bjarna Leifi Péturssyni, sem tekið var til dóms 15. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 5. apríl sl., á hendur ákærðu, „X, [...] og Bjarna Leifi Péturssyni, Fljótaseli 8, Reykjavík, kennitala 15.06.58-2419, fyrir að aka aðfaranótt sunnudags 22. janúar 1989 undir áhrifum áfengis og sviptir ökuréttindum bifreiðinni R 21687 um götur Reykjavíkur, svo sem hér er rakið:

- 1) gegn ákærða Bjarna Leifi fyrir að aka henni frá Brautarholti 22 að Yrsufelli 1 og 5,
- 2) gegn ákærða X fyrir að aka henni þaðan áleiðis til miðborgarinnar, þar til bifreiðin festist í snjóskafli í Sætúni við Barónsstíg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., en auk þess telst atferli ákærða X varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., en Bjarna Leifs við 1. mgr. þeirrar greinar, allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til sviptingar ökuréttindum samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Um kl. 5.42 sunnudag 22. janúar sl. komu lögreglumenn að bifreiðinni R 21687, þar sem hún var föst í snjóskafli í Sætúni á móts við Barónsstíg hér í borg. Sat ákærði X undir stýri hennar og var að reyna að aka henni úr skaflinum. Ákærði Bjarni Leifur, sem stóð fyrir utan bifreiðina, kvaðst hafa verið farþegi í henni. Báru ákærðu báðir, að vinur ákærða X hefði ekið bifreiðinni þangað, sem hún nú var.

Ákærða X var tekið blóðsýni kl. 7.30, og samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á því mældist alkóhólmagn í blóði hans 1,96 ‰.

Ákærða Bjarna Leifi var sleppt eftir viðtal á lögreglustöð.

Ákærði X hefur hér fyrir dóminum skýlaust játað að hafa aðfaranótt 22. janúar sl. ekið framangreindri bifreið frá Yrsufelli hér í borg áleiðis til miðborgarinnar, þar til hún festist í nefndum snjóskafli. Kveðst ákærði hafa fundið til talsverðra áfengisáhrifa við aksturinn, og jafnframt kannast ákærði við að hafa þá verið sviptur ökureftindum.

Er því sannað með játningu ákærða X, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og sakavottorði, að því er varðar sviptingarakstur, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar atferli ákærða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Ákærði Bjarni Leifur var handtekinn síðdegis 22. janúar sl. vegna grunar um að hafa ekið umræddri bifreið undir áhrifum áfengis aðfaranótt sama dags frá Brautarholti 22 hér í borg og upp í Yrsufell 1 og 5. Hafði ákærði X borið við yfirheyrslu hjá lögreglu, að Bjarni Leifur hefði ekið bifreiðinni milli framangreindra staða um nóttina. Jafnframt hafði X skýrt frá því, að þeir Bjarni Leifur hefðu fyrir aksturinn setið saman að drykkju í Brautarholti 22. Kvaðst X ekki geta sagt til um, hve mikið Bjarni Leifur hefði drukkið, áður en hann ók bifreiðinni, en hann hefði ekki virst vera mjög ölvaður. Við meðferð málsins bar ákærði X, að Bjarni Leifur hefði neytt með sér eins til tveggja glasa af sterku áfengi fyrir aksturinn. Hefði ákærði merkt áfengisáhrif á Bjarna Leifi, en þau hefðu ekki verið mikil.

Ákærði Bjarni Leifur skýrði svo frá við lögreglu yfirheyrslu, að hann hefði verið við drykkju að Brautarholti 22 umrætt sinn ásamt kunningjum sínum og m.a. meðákærða X. Kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni R 21687 frá þeim stað og upp í Yrsufell 5 og einnig Yrsufell 1 og hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn.

Við meðferð málsins játaði ákærði að hafa ekið umræddri bifreið milli þeirra staða, sem í ákæru greinir, greint sinn, en kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Kvaðst ákærði hafa drukkið eitt til tvö glös af einföldum vodka um einni til tveimur klukkustundum áður en aksturinn fór fram. Ákærði kvaðst hafa játað áfengisáhrif hjá lögreglu til að komast hjá því að verða settur í „Hverfissteyn“.

Vitnið Árni Þór Sigmundsson rannsóknarlögreglumaður, sem yfirheyrði ákærða af hálfu lögreglu, kveður af og frá, að ákærða hafi verið hótad, að hann yrði settur í fangageymslu, játaði hann ekki áfengisáhrif við akstur bifreiðarinnar R 21687 greint sinn. Kveður vitnið sig reyndar hafa farið þannig að í máli þessu, að ákærði hafi verið færður í fangageymslu, meðan þau atriði, sem fram komu í skýrslu hans, voru borin undir meðákærða X.

Vitnið Kristbjörn Guðlaugsson rannsóknarlögreglumaður kveðst hafa setið við hlið ákærða Bjarna Leifi við umrædda yfirheyrslu. Kveður vitnið ákærða ekki hafa verið hótad einu né neinu og hann játað af fúsum og frjálsum vilja að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Ákvörðun um, að ákærði yrði færður í geymslu, hafi ekki verið tekin fyrr en eftir að yfirheyrslu lauk, og ákærða ekki kynnt hún fyrr en þá.

Með skýlausri játningu ákærða Bjarna Leifs hjá lögreglu, stoð í framburði hans sjálfs við rannsókn og meðferð málsins um áfengisneyslu fyrir aksturinn svo og framburði meðákærða X um hið sama sem og áfengisáhrif á meðákærða þykir vera sannað þrátt fyrir neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi ekið bifreiðinni R 21687, þótt hann væri undir áfengisáhrifum, frá Brautarholti 22 hér í borg og upp í Yrsufell 5 og 1. Þykir ákærði eigi hafa gefið marktæka skýringu á afturköllun játningar sinnar hjá lögreglu.

Varðar háttsemi ákærða við 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Ákærði Bjarni Leifur var með dómi, upp kveðnum 18. febrúar 1987, sviptur ökuréttindum 18 mánuði frá 14. apríl sama ár. Engum gögnum er til að dreifa í málinu þess efnis, að ákærði hafi sætt frekari ökuréttindasviptingu, frá því að sá dómur var kveðinn upp. Er akstur sá varð, sem um ræðir í máli þessu, var liðinn sá tími, sem ákærði hafði verið sviptur ökuréttindum samkvæmt framangreindum dómi. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Sakaferill.

— — —

Ákærði Bjarni Leifur hefur tvívegis sætt ökuréttindasviptingu samkvæmt sakavottorði sínu, í bæði skiptin vegna ölvunaraksturs, hið fyrra sinn 22. desember 1976, en þá var hann sviptur ökuleyfi 6 mánuði frá þeim degi að telja, og hið síðara 18 mánuði frá 14. apríl sama ár. Ákærði hefur að öðru leyti langan brotaferil að baki vegna ýmissa brota gegn almennum hegningarlögum. Hefur ákærði á ferli sínum hlotið samtals tæplega 8 ára óskilorðsbundna fangelsisrefsingu. Síðast var hann dæmdur 22. desember sl. í 6 mánaða fangelsi fyrir fjárdrátt og skjalfafs.

Refsingar.

— — —

Refsing ákærða Bjarna Leifs þykir einnig hæfileg 40.000,00 króna sekt, sem gjaldist í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi 15 daga.

Ökuréttindasvipting:

Ákærðu hafa báðir unnið sér til ökuréttindasviptingar samkvæmt 102. gr. umferðarlaga. Þykir hæfilegt að svipta ákærða X ökuréttindum 12 mánuði frá 10. nóvember 1992 að telja, en þann dag rennur út réttindasviptingin samkvæmt dóminum frá 24. febrúar sl.

Með vísan til 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga þykir hæfilegt að svipta ákærða Bjarna Leif ökuréttindum tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt 178. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, sbr. 104. gr. umferðarlaga, frestar áfrýjun eigi verkun dómsins, að því er ökuréttindasviptingu ákærðu varðar.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða Bjarna Leif til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja

hæfilega ákveðin 15.000,00 krónur, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, X og Bjarni Leifur Pétursson, greiði hvor um sig 40.000,00 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella hvor um sig varðhaldi 15 daga.

Ákærði X er sviptur ökuréttindum 12 mánuði frá 10. nóvember 1992 að telja. Ákærði Bjarni Leifur er sviptur ökuréttindum tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Áfrýjun frestar eigi áhrifum dómsins, að því er réttindasviptingu varðar.

Ákærði Bjarni Leifur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.
